



Fjármálaáætlun 2022-2026 – betri tímar framundan en reiknað var með

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram fjármálaáætlun í samræmi við lög um opinber fjármál. Nú var áætlunin lögð fram á réttum tíma eftir að tafir hafa orðið á síðustu áætlunum vegna mikilla skakkafalla í hagkerfinu. Í fyrra þurfti t.d. að fresta framlagningu fjármálaáætlunar fram á haustið. Sú óvissa sem fylgdi faraldrinum olli því að einnig þurfti að endurskoða gildandi fjármálastefnu. Fjármálaáætlun 2021–2025 var því samþykkt um miðjan desember 2020. Þess vegna liggur fyrir tiltölulega ný stefnumörkun fyrir opinber fjármál.

Þessi nýja áætlun fyrir árin 2022–2026 fjallar því mikið um hagstjórnarlegt hlutverk hins opinbera og það erfiða verkefni sem liggur fyrir um að koma opinberum fjármálum aftur á réttan kjöl, m.a. með því að stöðva skuldaföfnun fyrir árslok 2025 og að opinber fjármál nái aftur að uppfylla tölusett skilyrði viðkomandi laga sem slakað var á í fyrra og eiga að taka aftur gildi árið 2026.


Efnahagsbatinn nær fótfestu

Skilaboðin í fjármálaáætluninni eru aðallega þau að efnahagsbatinn muni ná fótfestu í ár og svo flugi árið 2022 eftir einhverja dýpstu efnahagslægd sem við höfum upplifað. Líftími þessarar áætlunar verður reyndar mjög skammur þar sem kosningar verða í haust og nýrri ríkisstjórn ber þá að leggja fram bæði fjármálastefnu og fjármálaáætlun. Þessari nýju áætlun er ætlað að styðja við hagkerfið þar til hagvöxtur hefur komist á gott skrið og góður bati hefur orðið á vinnumarkaði. Ný ríkisstjórn er því ekki bundin af þessari áætlun en margt í henni liggur beint við eins og að skapa aðstæður til þess að hægt sé að draga úr sértækum stuðningi hins opinbera á næsta ári og að stöðva skuldaföfnun fyrir lok ársins 2025. Veruleg útgjaldaaukning hefur orðið til vegna kreppunnar og sagan segir að það geti tekið langan tíma að draga úr þeirri aukningu.

Rekstur


Boðskapur nýrrar fjármálaáætlunar er að aðgerðirnar stjórnvalda hafi skilað árangri og mildað efnahagslegan samdrátt. Fjárlög ársins 2021

Afkoma hins opinbera



Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026

Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu



Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026



voru samþykkt með 326 ma.kr. halla rétt fyrir jól. Samkvæmt fjármálaáætlun er reiknað með neikvæðum heildarjöfnuði ríkissjóðs upp á um 320 ma.kr. í ár þannig að árið 2021 er enn í járnnum.

Minni þörf á afkomubætandi aðgerðum

Betri afkoma en reiknað var með á árinu 2020 hefur minnkað þörf á aðgerðum til að draga úr hallanum á afkomu hins opinbera á tímabili áætlunarinnar. Sé litið til ríkissjóðs minnkar þörfin fyrir svokallaðar afkomubætandi ráðstafanir um næstum fjórðung, eða 7 ma.kr. á ári á tímabili áætlunarinnar, úr 37 ma.kr. í 30 ma.kr. Þannig verður afkoma ríkissjóðs 60 ma.kr. betri á árunum 2021–2025 miðað við fyrri áætlun.

Enn óvissa til staðar – þrjár sviðsmyndir

Frá því að fjármálaáætlunin var lögð fram hefur veirufaraldurinn enn og aftur orsakað neikvæðar breytingar á stöðu sem var talin nokkuð vænleg. Það kemur því ekki á óvart að í áætluninni eru settar fram þrjár sviðsmyndir um mögulega þróun opinberra fjármála.

Í svartsýnu sviðsmyndinni er gert ráð fyrir óhagstæðri þróun í ferðapjónustu og að heimsfaraldurinn hamli ferðalögum milli landa lengur en reiknað er með í þjóðhagssþá Hagstofunnar. Þá er gert ráð fyrir færri ferðamönnum á seinni hluta spátímans en í grunnspánni.


Bjartsýna sviðsmyndin byggir m.a. á því að stóraukinn stuðningur við rannsóknir, þróun og nýsköpun skili sér í auknum efnahagssumsvífum. Reiknað er með hóflegum en vaxandi bata í landsframleiðslu sem aukin framleiðni og þjónustuútflytningur getur drifið áfram. Gangi þetta eftir muni draga úr framleiðslutapinu og áhrif þess á ríkissjóðs verða mjög takmörkuð undir lok tímabilsins.

Skuldir

Samkvæmt áætluninni mun þróttmeira hagkerfi en flesta grunaði og kraftmikil viðspyrna leiða til þess að skuldir hins opinbera aukist minna en gert var ráð fyrir við gerð síðustu fjármálaáætlunar.


Þessi jákvæða staða birtist sömuleiðis í minni lánsfjárþörf ríkisins. Nú er gert ráð fyrir að hámark

Heildarafkoma hins opinbera með ráðstöfunum




Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026

Áætlað umfang ráðstafana



Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026

Þörf fyrir afkomubætandi ráðstafanir



Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026



skuldsetningar ríkissjóðs verði 53,9% af VLF árið 2025 í stað 60,4% af VLF í síðustu áætlun.


Bjartari horfur um afkomu fela þannig í sér að þörf fyrir afkomubætandi ráðstafanir til að stöðva skuldasoöfnun fyrir árslok 2025 er fimmtungi minni en í áætluninni frá því í fyrra.

Betra en reiknað var með

Samkvæmt nýju áætluninni er mun bjartara framundan en talið var fyrir nokkrum mánuðum síðan. Í því sambandi má hafa í huga að kosningar til Alþingis eru framundan og hefur sú staða án efa mikil áhrif á alla umræðu um efnahagsmál.

Sagan sýnir að aðhald í opinberum fjármálum reynist oft erfitt á uppgangstímum og verður því fróðlegt að sjá hvernig spilað verður úr á næstu mánuðum og ekki síður verður áhugavert hverjar áherslur næstu ríkisstjórnar verða þegar kemur að fjármálastefnunni.

Skuldir hins opinbera skv. nýrri og eldri áætlun



Heimild: Fjármálaáætlun 2022-2026

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.